



Borgarstjórnarkosningar verða haldnar þann 17. nóvember, og Íslendingar búsettir í Kaupmannahöfn hafa kosningarétt.

Nýttu atkvæðisrétt þinn og hafðu áhrif á borgina sem þú býrð í!

## Iðunn Haraldsdóttir

er 26 ára og býr á Vesterbro. Hun er í framboði fyrir Enhedslistann – rauð-grænt framboð.



**KBH**  
**Enhedslisten**

[kbh.enhedslisten.dk](http://kbh.enhedslisten.dk)

## **Kaupmannahöfn er frábær borg - en hún getur orðið enn betri**

### **Burt með fátækt**

Fátækt er vaxandi vandamál. Munurinn á þeim kaupmannahafnabúum sem hafa það best og þeim sem hafa það verst hefur ekki verið svona mikill í áratugi. 16% borgarþúfa lifa í fátækt. Enhedslisten vill bæta og jafna kjörin og útrýma fátækt. Meðal annars berjumst við fyrir að tekjur hinna tekjulægstu hækki og lögð verði áheyrsla á að fyrirbyggja fátækt.

### **Vistvæn borg**

Meirihlutinn af þeim bílum sem daglega fylla borgina koma utanfrá. Enhedslisten vill gera Kaupmannahöfn að tollskyldu svæði fyrir bíla, eins og hefur verið gert í ýmsum borgum víða um heim. Færri bílar myndu þýða meira pláss og öryggi fyrir reiðhjól og fótgangandi, hraðari og betri almenningssamgöngur og miklu minni loftmengun. Fyrir gróðann af tollinum væri hægt að gera almenningssamgöngur innan borgarinnar ókeypis.

### **I gegnum kreppuna**

Við getum sigrast á kreppunni með því að fjárfesta í velferðarkerfinu. Með því að byggja þá leikskóla sem þörf er á og gera upp slitnar skólabyggingar. Með því að ráða fleiri til að hjálpa öldruðum og fötluðum og tryggja betri kennslu og þösson fyrir börnin, getum við bæði aukið velferð og skapað atvinnu.

### **Blómstrandi menningarlíf**

Frjálst menningarlíf getur brotið niður fordóma og kennt okkur að líta heiminn nýjum augum. Stórborg á að iða af lífi og bjóða uppá eitthvað fyrir hvern smekk. Enhedslisten berst fyrir að Kaupmannahöfn haldi áfram að vera fjölbreitt borg með pláss fyrir alla. Við viljum frjálsa Christianiu og fleiri Ungdomshus! Okkur finnst að einhverjum af þeim 45 milljónum sem árlega er eytt í að reka óperuhúsið mætti betur nota í að tryggja lifandi tónlistar- og skemmtanalíf.